

undirrettardóminn, og ber hinni kærðu einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin kærða, Sigríður Guðmundsdóttir, á að greiða 10 kr. sekt, er renni að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur kaupstaðar og að helmingi til fátækrafulltrúanna þar. Svo ber hinni kærðu og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júnímán.

Nr. 28/1878: Hjeraðslæknir J. Jónassen
og lyfsali N. S. Krüger
gegn

Síra Jakob Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir gestarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 12. dag desembermán. 1878, eru áfrýjendur þessa máls, hjeraðslæknir J. Jónassen og lyfsali N. S. Krüger, dæmdir til þess sem gjörðarbeiðendur að kyrsetningu á homöopathískum læknislyfjum sem síra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli í Dölum átti, báðir fyrir einn og einn fyrir báða að greiða hon-

um fyrir skaða þann, er hann hafi liðið við kyrsetninguna, eftir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna, svo og til að greiða honum málskostnað fyrir undirrjetti með 6 krónum.

Þessum dómi hafa þeir Jónassen og Krüger skotið til yfirdómsins, og þar krafizt þess, að undirrettardómurinn verði dæmdur ónýtur og honum brundið þannig, að þeir verði dæmdir sýknir af öllum kærum og kröfum hins stefnda í máli þessu, en hann dæmdur til að greiða þeim allan þann kostnað, sem mál þetta hefur í för með sjer bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti með 80 kr. eða einhverju nægilegu eftir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt principaliter, að áfrýjendurnir verði skyldaðir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að borga stefnda í skaðabætur samkvæmt reikningi hans 197 kr. 70 a., svo og málskostnað fyrir báðum rjettum einnig in solidum með 50 kr., eða eftir mati yfirdómsins, en ella, að undirrettarins dómur verði staðfestur hvað skaðabætur snertir, og áfrýjendurnir skyldaðir til að greiða málskostnað eins og áður segir.

Hinn 31. dag ágústmán. f. á. setti bæjarfógetinn í Reykjavík lögregluþing á póststofunni hjer í bænum. Var það þing sett til að hefja rannsókn um tollsvik. Við rannsókn þessa fannst í kassa, sem átti að fara til stefnda, allmikið af glösum með homöopathiskum læknislyfjum, sem lögreglustjóri eða lögregludómarinn tók í sínar vörzlur eða kyrsetti.

Í útskrift þeirri úr lögregluþingbók Reykjavíkurkaupstaðar, sem fram hefur verið lögð í málinu, segir meðal annars svo: «apotekari Krüger var mættur og með honum Jónas hjeradslæknir Jónassen; kröfðust þeir þess, að læknismeðöl þau, er talin eru, verði, með því að þau virðist vera ætluð til ólöglegar meðala-

verzlunar og ólöglegra lækninga, kyrsett», og en segir svo: «Samkvæmt því sem komið er fram kyrsetti dómariinn vínföng þau og meðöl, er talin eru að framan undir tölulíðnum 1—2 og 9—16».

Það er nú á þessari bókun, að stefndi hefur byggt skaðabótamál sitt gegn áfrýjendunum sem gjörðarbeiðendum. En með því öll meðferð dómarans á kyrsetningarmáli þessu 31. ág. f. á. er þannig löguð og lýsir því berlega, að hann sem lögreglustjóri eða lögregludómari lagði hald bæði á vínföngin og meðölin, og með því áfrýjendurnir eigi heldur á slíku lögreglupingi gátu komið fram sem gjörðarbeiðendur í orðsins rjetta skilningi, eða þannig, að þeir hefðu nokkra ábyrgð á því, er dómariinn þar þá gjörði, ber að dæma þá sýkna af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir, hjeraðslæknir J. Jónassen og lyfsali N. S. Krüger, eiga að vera sýknir af kærnum og kröfum stefnda, síra Jakobs Guðmundssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 9/1879

Borgari E. Egilsson
gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 8. ágústmán. f. á., höfðaði H. Th. A. Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, mál gegn Egli Egilsson, borgara samastaðar, til sekta, skaðabóta